



## Mál nr. S-91/2024 – Reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

### Niðurstöður samráðs.

Þann 2. apríl 2024 voru birt drög að reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni samkvæmt 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem lögfest var með lögum nr. 65/2022 um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Drög reglugerðarinnar byggja að nokkru leyti á núgildandi reglugerð um öflun sjávargróðurs nr. 90/2018. Helstu nýmæli í drögum reglugerðarinnar snúa að nánari umfjöllun um veitingu leyfis til öflunar sjávargróðurs í atvinnuskyni, öflun sjávargróðurs utan netlaga, skilyrði fyrir útgáfu leyfa og breytt orðalag í samræmi við 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða.

Veittur var frestur til og með 17. apríl 2024 til að skila umsögnum, athugasemdum og ábendingum um drög reglugerðarinnar. Þrjár umsagnir bárust um drög reglugerðarinnar og eftirfarandi eru helstu athugasemdir og ábendingar og viðbrögð ráðuneytisins við þeim:

### 2. gr. Leyfi og samkomulag vegna þangsláttar.

Umsagnaraðilar bentu á að orðalag 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. væri óskýrt hvað varðar samkomulag og samþykki landeiganda til öflunar sjávargróðurs innan netlaga.

- Orðalagi 1. málsl. er breytt þannig að ljóst sé að með samkomulagi og samþykki landeigenda til styttri tíma en 10 ára, sé nóg að meirihluti landeigenda staðfesti slíkt samkomulag en allir landeigendur þurfa að staðfesta samkomulag sem er til lengri tíma en 10 ára sbr. 7. gr. c. jarðalaga nr. 81/2004.

Athugasemd var gerð við aðgengi Fiskistofu að samningum og samkomulagi við landeigendur þar sem í slíkum gögnum séu trúnaðarupplýsingar sem kunni að vera viðskiptalegs eðlis og því þurfi skýlausa lagaheimild til aðgangs Fiskistofu.

- Aðgengi Fiskistofu að samkomulagi við landeiganda er tvíþætt, annars vegar til að fá staðfest að viðkomandi umsækjandi um leyfi til öflunar sjávargróðurs hafi sannarlega heimild landeiganda til nýtingar innan netlaga og hins vegar með vísan til 3. gr. reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga, þar sem mælt er fyrir um að landeigandi eigi rétt á aðgengi að upplýsingum úr aflaskráningu um þörungaslátt fyrir sína landareign. Aðgengi Fiskistofu að samkomulagi við landeiganda er því til að Fiskistofa geti sinnt stjórnarsýslu og eftirliti skv. lögum um stjórn fiskveiða. Þá er Fiskistofa opinber stofnun sem hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga skv. ákvæðum laga um Fiskistofu nr. 36/1992. Einnig gilda ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 um starfsemi Fiskistofu og henni er t.d. óheimilt að veita almenningi aðgengi að gögnum sem varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila skv. 9. gr. upplýsingalaga.
- Orðalagi 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. er breytt þannig að tiltekinn er tilgangur þess að Fiskistofa fái aðgengi að samkomulagi við landeigendur, sem er vegna lögbundinna stjórnarsýsluverkefna og eftirlits stofnunarinnar.

### 3. gr. Leyfi vegna öflunar sjávargróðurs utan netlaga.

Umsagnaraðilar bentu á að í 1. mgr. væri óljóst hvenær reglan eigi að gilda um þara og hvenær ekki. Sama ábending kom einnig fram um 4. gr. reglugerðarinnar um skilyrði fyrir útgáfu leyfa.

- Ástæða þess að í ákvæðinu var talað um „*einkum þara*“ er að það er aðallega þari sem aflað er utan netlaga.



- Lagðar til orðalagsbreytingar.

Í öllum umsögnum var gerð athugasemd við að krafa væri gerð um almennt veiðileyfi samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 57/1997, ásamt sérstöku leyfi Fiskistofu.

- Um er að ræða lagaskyldu en í 4. mgr. 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða kemur fram að ef talin er þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni er ráðherra heimilt að ákveða að öflun sjávargróðurs utan netlaga sé einnig háð almennu veiðileyfi.
- Lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar.

#### 5. gr. *Vigtun og skráning.*

Umsagnaraðilar bentu á að aðlaga þurfi betur reglugerð um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga við vigtun og skráningu sjávargróður.

- Breytingar á framangreindum reglugerðum er ekki hluti af reglugerð þessari.

#### 8. gr. *Ýmis ákvæði um þangslátt.*

Umsagnaraðilar bentu á að ákvæðið tekur aðeins til klóþangs en ekki annarra tegunda þangs, eins og blöðruþangs.

- Nýting hefur hingað til öll átt við um klóþang. Lagt til að heiti ákvæðisins verði breytt og verði „Ýmis ákvæði um slátt á klóþangi“.

Skiptar skoðanir voru meðal umsagnaraðila hvort mæla ætti fyrir um hvíld svæða í fjögur ár, þar sem nýtingaráætlanir ættu að innihalda slík umhverfisskilyrði og því ætti ekki að binda það skilyrði í reglugerðartexta.

- Lagt til að málsgreinin verði færð í 2. gr. reglugerðarinnar er fjallar um leyfi og samkomulag vegna þangsláttar. Í núgildandi reglugerð um öflun sjávargróðurs nr. 90/2018 segir „Óheimilt er að stunda slátt á svæði þegar færri en fern áramót eru liðin síðan svæðið var slegið síðast. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu.“ Þrátt fyrir að í nýtingaráætlunum verði kveðið á um hvíld svæða, þá er lagt til að áfram verði mælt fyrir um hvíld svæða í reglugerð og orðalagið verði óbreytt frá núgildandi reglugerð.

#### 11. gr. *Gildistaka.*

Umsagnaraðilar bentu á að ekkert væri mælt fyrir um stöðu þeirra leyfishafa sem þegar hafa leyfi til öflunar sjávargróðurs og óraunhæft væri að nýtingaráætlun væri unnin á einum degi.

- Reglugerðin á sér stöð í 15. gr. b. og 16. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Þær breytingar sem gerðar voru á 15. gr. b. með lögum um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald, nr. 65/2022 tóku gildi 1. janúar 2023 en lögin voru samþykkt á Alþingi 15. júní 2022. Höfðu leyfishafar því um 6 mánuði til að bregðast við lagaskyldu um gerð nýtingaráætlunar. Að mati ráðuneytisins er því ekki ástæða til að setja frekari fresti til að ljúka við gerð nýtingaráætlunar fyrir leyfishafa.

Þá komu fram í umsögnunum ýmsar tillögur að breyttu orðalagi sem tekið var tillit til í flestum tilvikum. Reglugerðin með framangreindum breytingum var staðfest af ráðherra 3. september 2024 og birt í B. deild Stjórnartíðinda þann 6. september 2024 og er [reglugerðin nr. 1007/2024](#).

*Matvælaráðuneyti, 6. september 2024.*